

Lagabreytingar - aðalfundur 2023

Laganefnd hefur yfirfarið lög félagsins með tilliti til þeirra lagabreytinga sem orðið hafa á lögum alþjóðasambandsins frá síðasta landssambandsþingi okkar á Íslandi.

Nefndin leggur til að eftirfarandi lagabreytingar verði kynntar félagskonum á Landssambandsþingi vorið 2023.

Skýringar laganefndar á tillögunum eru skráletraðar

Grein 4B er nú:

„Hver ný félagskona greiðir inntökugjald, en deild getur ákveðið að greiða gjaldið”

Greinin falli niður þar sem inntökugjald hefur verið afnumið hjá Alþjóðasamtökunum. Þetta felur einnig í sér breytingar á grein 4E þar sem þarf að taka út úr liðum a og c það sem snýr að inntökugjaldi.

Þessi breyting felur einnig í sér að gera þarf breytingar á númerum greina.

Sömuleiðis þarf að breyta reglugerð gr. 1C og F og gr. 2B til samræmis við þetta atriði.

Grein 4E 1, um greiðslu gjalda er nú:

1. Félagssárið er frá 1.júlí-30.júní. Félagskonu ber að greiða árleg félagsgjöld í síðasta lagi 30.júní vegna næsta starfsárs.
 - a. Ef ný félagskona gengur í samtökin á tímabilinu 1.júlí til 31.desember greiðir hún fullt árlegt félagsgjald fyrir yfirstandandi ár.
 - b. Ef ný félagskona gengur í samtökin frá 1.janúar til 30.júní greiðir hún hálf gjald til alþjóðasambandsins.
 - c. Ef félagskona er að endurnýja félagsaðild sína eftir hlé greiðir hún ekki inntökugjald en önnur gjöld eins og kveðið er á um.
 - d. Deild og landssamband mega dreifa gjöldum sínum eins og hentar.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Grein 4.E.1, (sem verður þá 4.D.1) um greiðslu gjalda verði:

2. Félagssárið er frá 1.júlí-30.júní. Félagskonu ber að greiða árleg félagsgjöld í síðasta lagi 30.júní vegna næsta starfsárs. **(óbreytt)**
 - a. Ef ný félagskona gengur í samtökin á tímabilinu 1.júlí til 31.desember greiðir hún fullt árlegt félagsgjald fyrir yfirstandandi ár. **(óbreytt)**
 - b. Ef ný félagskona gengur í samtökin frá 1.janúar til 31.mars greiðir hún hálf gjald til alþjóðasambandsins.
 - c. Ef ný félagskona gengur í samtökin frá 1.apríl til 30.júní greiðir hún ekki félagsgjald fyrir það sem eftir er af yfirstandandi starfsári.

Aðrar greinar í lagagreininni verði óbreyttar.

Þessi breyting er gerð í ljósi breytinga sem gerðar voru á lögum Alþjóðasambandsins sumarið 2022.

Grein 6.B.1.e er:

„Forseti skal sitja með atkvæðisrétt í öllum nefndum nema uppstillingarnefnd”

Grein 6.B.1.e verði:

Forseti situr í öllum nefndum, nema uppstillingarnefnd, en án atkvæðisréttar.

Þessi breytingartillaga er gerð til að ítreka að forseti fylgist með nefndum og sé þeim til ráðgjafar.

Grein 9.A.1 er:

„Halda skal landsambandsþing á hverju oddatöluári. Fundarstaður og fundartími skulu ákveðnir af framkvæmdaráði. Heimilt er að halda aukþing á milli lögbundinna þinga telji framkvæmdaráð ástæðu til,,

Grein 9.A.1 verði:

Halda skal landsambandsþing á hverju oddatöluári. Fundarstaður og fundartími skulu ákveðnir af framkvæmdaráði. heimilt er að halda ráðstefnur, fundi og aðra viðburði á milli lögbundinna þinga ef framkvæmdaráð óskar þess.

Þessi breyting er gerð til að endurspeglar betur þann mun sem felst í orðanotkun í enskri þýðingu laganna og þeirri notkun sem er við lýði í lögum Alþjóðasamtakanna þar sem skýr greinarmunur er á þýðingu orðanna convention og conferences sem bæði ná yfir orðið ráðstefna í íslensku.

Laganefnd leggur ekki til fleiri breytingar.